

Heimanámsstefna Grunnskólans á Ísafirði var unnin af kennurum, foreldrum og nemendum veturinn 2012-2013. Þessir aðilar eru sammála um eftirfarandi:

-Dagleg þjálfun er nauðsynleg til að nemendur geti náð góðum tókum á lestrarfærni.

-Nauðsynlegt er að undirbúa sig fyrir ýmsar námsgreinar með lestri.

-Heimanám sem nemandinn á hlutdeild í, ákveður sjálfur eða hefur frumkvæði að er líklegt til að skila góðum árangri því þá er hann að vinna að verkum sem hann sjálfur telur áhugaverð og nauðsynleg.

Í ljósi þessa er eftirfarandi sett fram sem heimanámsstefna:

Á yngsta stigi skal miða við að nemendur lesi heima á hverjum degi. Einstakir foreldrar og kennarar geta gert með sér samkomulag um meira heimanám.

Á miðstigi skal miða við að nemendur lesi heima á hverjum degi, um getur verið að ræða lestur í sögubókum eða námsbókum eftir atvikum. Annað heimanám skal vera samkvæmt samkomulagi við foreldra.

Á unglíngastigi er gert ráð fyrir að nemendur lesi heima til að undirbúa sig fyrir kennslustundir í öllum bóklegum greinum. Annað heimanám sé ákveðið í samráði við foreldra og nemendur.